

## Samráðsfundur skólaráðs Fossvogsskóla, SFS og USK 19. ágúst 2020 kl. 13:00

Mætt: Soffía Vagnsdóttir (SFS), Kristján Sigurgeirsson og Kristinn J Gíslason (USK), Guðrún Þorsteinsdóttir (fulltrúi kennara), Karl Óskar Þráinsson (formaður Foreldrafélags Fossvogsskóla), Agnar Freyr Helgason (fulltrúi foreldra) og Árni Freyr Sigurlaugsson, aðstoðarskólastjóri

### 1. Verkstaða

- KJG lýsti því að verki væri lokið, lokaúttekt hefði farið fram og verið væri að vinna úr ábendingum sem bárust. Verkís fer svo aftur yfir þau atriði. Þessi úttekt ásamt öðrum skýrslum á að vera komin á upplýsingavef borgarinnar. Spurt var nánar um nokkur verkefni og svör gefin. USK ætlar að athuga betur með fyrirspurn um heimilisfræðistofu og til stendur að skipta út plötu á suðurgafli Meginlands innan skamms.
- KJG benti á að hluti af úttektinni sneri að slægum þrifum og lagði að skólastjórnendum að bæta þar úr. Stutt umræða um þrif og sögu þeirra.
- KJG og KS hafna beiðni skólaráðs um sýnatöku á þeim forsendum að hún sé óþörf sbr. skilaboð frá Verkís (sjá aftast í fundargerð). Aðrir fundarmenn bentu á að fyrsti samráðsfundur hefði samþykkt ákveðið verklag sem fæli í sér sýnatöku í lokin. Var hluti fundargerðar þess fundar lesinn upp sem staðfestir þá samþykkt. Rekistefna varð um þennan lið og að endingu ákveðið að boða til fundar með fulltrúa Verkíss innan skamms til þess að leiða málið til lykta.

Boðun næst fundar bíður samræmingar við fulltrúa Verkíss.

Fundarritari: Árni Freyr Sigurlaugsson, aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla